

21. fundur skólaráðs – 16. október 2025

Fundurinn hófst kl. 8:00

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Íris Huld Christersdóttir og Hákon Steinsson fulltrúar foreldra, Alma Auðunardóttir fulltrúi kennara, Inga Rakel Einarsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Arnheiður Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Fulltrúar nemenda voru Aron Bergsveinsson og Steindóra María Ómarsdóttir. Sigurveig Birgisdóttir fulltrúi kennara boðaði forföll

Dagskrá:

1. **Fulltrúar nemenda í skólaráði skólaárið 2025-2026 kynntir.** Þetta eru þau Aron Bergsveinsson og Steindóra María Ómarsdóttir.
2. **Drög að uppfærðri skólanámskrá voru lögð fram til umfjöllunar.** Breytingarnar ræddar lítillega. Engar athugasemdir komu fram um skólanámskrána.
3. **Lýðræðisþing nemenda 20. nóvember á degi mannréttinda barna.** Skólastjóri upplýsti um fyrirhugað þing en ekki er alveg komið á hreint hvað verður tekið fyrir að þessu sinni.
4. **Vinavika.** Vinavika er í öllum skólum í Hafnarfirði fyrstu vikuna í nóvember. Skólastjóri gerði lítillega grein fyrir að stefnt væri á að taka fyrir þætti úr Barnasáttmála Sameinuðupjóðanna, auk þess sem stefnt er að samstarfi við skóla í hverfinu.
5. **Niðurstöður fyrstu lesfimiþróa þetta skólaárið kynntar.** Skólastjóri fór yfir niðurstöðurnar en allir árgangar nema einn eru á eða yfir landsmeðaltali.
6. **Upplýsingar um Matsferillinn og næstu skref í Hafnarfirði.** Skólastjóri upplýsti um stöðuna er stofnaður hefur verið starfshópur.
7. **Innra mat í skólanum.** Skólastjóri gerði lítillega grein fyrir innra mati skólans. Hafin er vinna við innra mat á frístundastarfinu og er það í fyrsta skiptið sem það er gert.

Önnur mál: Enginn önnur mál voru á dagskrá að þessu sinni.

Fundi slitið kl. 8:45